

## Læknaráð

Stjórnarfundur 19.03.2021

### 4.Stjórnarfundur – FUNDARGERÐ

**Dagsetning og staður:** 19.03.21 kl:12:00 – Staðfundur á Nauthóli

**Fundinn sátu:**

**Nefndarmenn:** Steinunn Þórðardóttir(formaður), Björn Logi Þórarinsson, Gunnar Bjarni Ragnarsson, Hlynur Indriðason, Þórunn Jónsdóttir

Formaður, Steinunn Þórðardóttir setti fund, stýrði og ritaði fundargerð.

1. **Fagráð Landspítala.** Þórunn Jónsdóttir hefur nú setið fyrsta fund nýs fagráðs Landspítala. Þar var farið yfir starfsreglur fagráða annarra sjúkrahúsa á landinu sem þegar hafa sett sér slíkar reglur. Meðlimir fagráðsins kynntu sig og sína sýn.
2. **Fræðslunefnd Læknaráðs – staðan nú, fyrsti almenni fundur/fræðslufundur**  
**Læknaráðs:** Áfram stefnt að því að annan föstudag í apríl (9. apríl) verði fyrsti opni fundur læknaráðs og að það verði fræðslufundur. Svo annar föstudagurinn í maí sem málefnafundur – líklega varðandi innleiðingu á DRG. Stofnun fræðslunefndar áfram í vinnslu og munu Gunnar Bjarni og Steinunn ræða þá stöðu nánar á næstu dögum. Stefnum áfram á tímasetningu kl:12-13.
3. **Námsréttindi lækna vegna COVID:** Ekki rætt á þessum fundi. Steinunn fór á fund Félags Sjúkrahússlækna (FSL) fyrr í vikunni og skv. þeim hefur þetta verið tekið upp nokkrum sinnum nú þegar, m.a. á vegum Lí og spítalinn ítrekað svarað að þessi réttindi verði ekki bætt.
4. **Vinnuaðstaða lækna á nýjum Landspítala:** Steinunn hitti stjórn FSL fyrr í vikunni og þar er vilji til þess að halda sameiginlegan málefnafund um vinnuaðstöðu lækna á nýjum spítala. FSL leggur til að fundurinn verði í september og tíminn fram að því notaður í undirbúning. Tillaga kom fram um að biðja Benedikt Olgeirsson, framkvæmdarstjóra Hringbrautarverkefnisins, um að funda með stjórn Læknaráðs og stjórn FSL í aðdraganda fundarins og kynna þá stöðu verkefnisins. Síðan kæmi til greina að Benedikt væri með kynningu fyrir alla í september – eða tilnefndi einhvern annan í það hlutverk.
5. **Samskiptamál stjórnar Læknaráðs – samfélagsmiðlar:** Áfram í vinnslu hjá Oddnýju, ekki rætt sérstaklega á þessum fundi þar sem Oddný var fjarverandi.
6. **Önnur mál :** Fráflæðisvandi áfram ræddur og sérstaklega þung staða á bráðamóttökunni undanfarið.
7. Ekki frekari mál á dagskrá, fundi slitið kl 13:45